

Styrktarsjóður fyrir menningar-, lista-, íþrótt- og tómstundatengd verkefni og viðburði

1. gr.

Bæjarráð Vestmannaeyja auglýsir tvisvar sinnum á ári eftir styrkjum til að styðja við og efla menningar-, lista-, íþrótt-, og tómstundatengd verkefni og viðburði. Fyrri úthlutun fyrir komandi fjárhagsár skal auglýst eigi síðar en 15. september ár hvert og miðað við að úthlutun sé lokið fyrir 15. október. Seinni úthlutun fyrir sama fjárhagsár skal auglýst eigi síðar en 15. mars ár hvert og úthlutun skal lokið 15. apríl.

2. gr.

Markmiðið sjóðsins er að styrkja menningar-, lista-, íþrótt- og tómstundastarfsemi í Vestmannaeyjum með því að styðja við og hvetja einstaklinga, félagasamtök og listahópa til eflingar á viðburðum og verkefnum á sviði menningar, lista, íþrótt og tómstunda.

3. gr.

Listamenn, einstaklingar og félagasamtök verða að vera skráð í Vestmannaeyjum og verkefni/viðburður þarf að fara fram í Vestmannaeyjum. Ekki er styrkt til ferðalaga, náms, útgáfuefnis, vefsíðugerðar og rekstrar. Félagasamtök sem eru með rekstrar-samninga/viðburðasamninga við Vestmannaeyjabæ geta ekki hlotið styrk úr þessum sjóði.

4. gr.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum íbúagátt á vef Vestmannaeyjabæjar ([Innskráning](#) | [Íbúagátt Vestmannaeyja](#)). Aðstoð við umsókn er hægt að fá hjá verkefnastjóra menningarmála í síma 488-2000

Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

- ✓ Markmið, lýsing og tilefni umsóknar.
- ✓ Styrkupphæð
- ✓ Tíma- og verkáætlun
- ✓ Önnur fjármögnun
- ✓ Kostnaðaráætlun

5. gr.

Bæjarráð metur umsóknir um menningar- og listatengda styrki.

Fjölskyldu og tómstundaráð metur íþrótt- og tómstundatengd verkefni.

Við mat á verkefnum er horft til markmiða þeirra og hvernig þau nýtast til að efla fjölbreytt menningar-, lista-, íþrótt- og tómstundalíf bæjarbúum til góðs. Tekið er mið að raunhæfi verkefna, kostnaðaráætlun, auk tíma- og verkáætlun.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu ráðanna og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur.

Bæjarráð veitir ekki rökstuðning um ákvörðun á úthlutun styrkja samkvæmt 21. gr. stjórnsýslulaga.

6. gr.

Bæjarráð gerir samning við styrkhafa menningar- og listtengdra verkefna/viðburða sem er undirritaður við afhendingu styrks.

Fjölskyldu- og tómstundaráð gerir samning við styrkhafa íþrótta- og tómstundatengdra verkefna/viðburða sem undirritaður er við afhendingu styrks.

Styrkhöfum ber að skila stuttri greinargerð (sjá leiðbeiningar á heimasíðu) um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun. Hafi styrkhafi sótt um styrk að nýju án þess að hafa skilað inn slíkri greinargerð, vegna áður úthlutaðs styrkjar, áskilur ráðið sér rétt til að hafna umsókninni.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákveður við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög í styrktarsjóðinn.

8. gr.

Gagnsæi og vönduð vinnubrögð skulu höfð að leiðarljósi við meðferð umsókna og úthlutun styrkja. Þær umsóknir einar eru gildar sem berast innan umsóknarfrests í auglýsingu um styrki. Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu styrkumsókna.

9. gr.

Bæjarráð áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja og rifta samningum komi ekki til verkefna sem sótt er til eða um annan forsendubrest er um að ræða.

10. gr.

Reglur þessar voru samþykktar af bæjarráði Vestmannaeyja 15. október 2024